

Tölvubrэф umhverfis- og skipulagssviðs dags. 12 desember til íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Háaleitisbraut og tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Starmýri

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Háaleitisbraut og tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Starmýri birtist í Fréttablaðinu mánudaginn 16. desember nk. Tillögurnar eru í kynningu frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóðum.

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/haaleitisbraut-1>

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/starmyri-2>

Háaleitisbraut 1, nýtt deiliskipulag

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. nóvember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 28. nóvember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Háaleitisbraut. Í tillögunni felst að bætt verður við tveimur nýjum byggingarreitum á lóð Háaleitisbrautar 1 auk þess sem heimilt verður að stækka hús Veitna við Bolholt 5. Næst Kringlumýrarbraut verður heimilt að reisa fimm hæða skrifstofubyggingu með bílakjallara. Á horni Skipholts og Bolholts verður heimilt að reisa sex hæða íbúðarhús með bílakjallara ásamt þjónustu- og verslunarrými á 1. hæð. Bílastæðum fjölgar og verður hluti þeirra í bílakjallara. Byggingarmagn og nýtingarhlutfall hækkar á báðum lóðum sem þessu nemur. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1. hæð**, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 29. janúar 2020.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Starmýri 2, breyting á deiliskipulagi

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 20. nóvember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 28. nóvember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Safamýri/Álftamýri vegna lóðar nr. 2 við Starmýri. Í breytingunni felst að hækka hús nr. 2a um tvær hæðir frá núverandi ástandi og bæta við byggingarreit til vesturs fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi sem snýr að Álftamýri. Breytingin gerir ráð fyrir að á lóðinni verði heimild fyrir íbúðir, verslunar- og þjónustustarfsemi og aðra atvinnustarfsemi sem samræmast notkunarskilgreiningum í Aðalskipulagi Reykjavíkur. Auk þess er gert ráð fyrir breytingum á lóð og nýjum bílastæðaskilmálum í samræmi við áherslur Aðalskipulags. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1. hæð**, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila**

skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 29. janúar 2020.
Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.